

LANDSELUR

Landselur er algengasti selurinn við Ísland og heldur sig við ströndina allan ársins hring. Helsta fæða landsela eru síli, flatfiskar, smáporskur, loðna, síld, karfi, ufsi, steinbítur og fleiri fisktegundir.

Landselir geta orðið tveir metrar að lengd og allt að 30 ára gamlir.

Karlselurinn kallast brimill og kvenselurinn urta en afkvæmi þeirra er kallað kópur. Urturnar koma saman í látur til að kæpa (eiga afkvæmi). Þar eru margir selir, tugir eða jafnvel hundruðir saman. Urturnar kæpa í júní og verða kóparnir syndir eftir aðeins viku. Urtan gætir kópsins af umhyggju í fjórar vikur og hann drekkur hjá henni feita og næringarríka mjólk, því hann er jú spendýr.

